

hann um liðlega 20 ára skeið neytt áfengis í talsverðum mæli, og hefur sú hneigð, einkum síðustu árin, leitt hann til taumlausrar ofdrykkju (alcoholismus chronicus).

Horfurnar á, að hann óstuddur og af eigin rammleik geti unnið bug á drykkjuhneigð sinni, tel ég sáralitlar. Hið líklegasta honum til hjálpar í því efni verður að teljast dvöl á drykkjumannahæli og hún í eigi skemmri tíma en 12—18 mánuði.

Einkenni líkamlegra sjúkdóma finnast ekki hjá honum önnur en þau, er langvinn áfengisneyzla veldur.“

Ferill ákærða hefur verið slíkur, að þess virðist engin von, að hann geti í framtíðinni haft hemil á drykkjufýsn sinni, ef ekki er að gert. Með hliðsjón af áliti læknisins þykir því rétt skv. 65. gr. hegningarlaganna að ákveða, að hann skuli, að hinni ídæmdu refsingu afstaðinni, lagður á drykkjumannahæli til lækningar í allt að 18 mánuði. Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Guðmundur Ragnar Magnússon, sæti fangelsi í 3 mánuði, en gæzluvarðhald hans komi til frádráttar refsingunni.

Ákærður skal, að refsingunni afstaðinni, dvelja á drykkjumannahæli til lækningar í allt að 18 mánuði.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. janúar 1944.

Nr. 69/1943. **Júlíus Guðmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Steindóri Einarssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Eignarkvöð.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hafa uppkveðið dómendur merkja-dóms Reykjavíkur, þeir Lárus Fjeldsted hæstaréttarlögmaður og Ólafur Lárusson prófessor, en einn dómendanna, Sigurður Thoroddsen yfirkennari, gerði sératkvæði.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. júlí f. á., skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. s. m. Krefst hann þess, að stefndi verði að viðlögðum 200 króna dagsektum, dæmdur til þess að taka steypumót brott af steingarði þeim, sem er á milli lóðar áfrýjanda, nr. 29 við Framnesveg, og lóðar stefnda, nr. 31 við Framnesveg. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að héraðsdómur gekk, hefur áfrýjandi aflað sér vottorða frá nokkrum ódómkvöddum mönnum um gróðurspjöll í garði áfrýjanda og önnur óþægindi, er fyrirhuguð hækkun á steingarði þeim, er í málinu greinir, mundi hafa í för með sér. Með vottorðum þessum verður eigi talið sannað, að hækkun garðsins valdi áfrýjanda verulegum óhægindum. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sýknuákvæði hans.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Steindór Einarsson, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Júlíusar Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 21. maí 1943.

Hinn 21. maí 1927 gerðist svofelld sætt milli stefnda í máli þessu, Steindórs Einarssonar, sem eiganda eignarinnar Skuldar við Framnesveg, hér í bænum, nú Framnesvegur 31, annars vegar og hins vegar Árna Th. Péturssonar fyrir hönd eiganda Litla Steinsholts, nú Framnesvegur 29 og Holtsgötu 25, að stefndur skuldbatt sig til að steypa steinsteypugarð á milli lóðanna, og skyldi hann vera 10 tommur á þykkt og minnst 2½ alin á hæð fyrir ofan jörð. Garðurinn skyldi allur standa á lóð litla Steinsholts, og er komizt svo að orði í sáttinni, að eigendur Litla Steinsholts skuli hafa not af garði þessum, og komi sá notaréttur í staðinn fyrir lóðarræmu nokkra, er stefndur fékk til eignar með sáttinni. Garðurinn skyldi

fullgerður í síðasta lagi um áramót 1927—1928. Stefnður virðist hafa látið steypa garðinn innan hins tilskilda tíma, og er hæð garðsins frá jörð, samkv. mælingu byggingarfulltrúans í Reykjavík, frá 1,67 m til 1,90 m. Sumarið 1940 lét stefndur setja steypumót ofan á garðinn og hugðist að hækka hann. Stefnandi, sem þá var orðinn eigandi að eigninni nr. 29 við Framnesveg, taldi stefnda óheimilt að hækka garðinn án samþykkis hins, og fór hann, ásamt eiganda eignarinnar nr. 25 við Holtsgötu, þess á leit við byggingar-uefndina, með bréfi dags. 21. okt. 1940, að hún léti stöðva það, að stefndur byggði ofan á garðinn. Leiddi þessi kæra þeirra til þess, að byggingarfulltrúinn stöðvaði framkvæmd verksins, og hefur því eigi verið haldið áfram síðan, en steypumótin eru enn á veggnum.

Stefnandi höfðaði því næst mál gegn stefndum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu dags. 27. jan. 1942, til þess að fá hann dæmdan til að taka steypumótin ofan af garðinum. Var málið dæmt í bæjarþinginu hinn 26. maí 1942, og skaut stefndi þeim dómi til hæstaréttar, og urðu þau málalok þar með dómi hæstaréttar 31. marz 1943, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð voru dæmd ómerk og málinu vísað frá héraðsdómi.

Mál þetta var því næst höfðað fyrir merkjadóminum með stefnu dómsins dags. 1. apríl 1943, og féll það í rétt hinn 6. apríl. Var það tekið til dóms 13. s. m., en endurupptekið samkvæmt ósk umboðsmanna beggja aðilja og með samþykki dómsins hinn 20. apríl og síðan dómtekið að nýju hinn 30. apríl.

Í málinu hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndur verði dæmdur til að viðlögðum dagsektum, að upphæð kr. 200.00, að taka steypumót af steingarði þeim, sem er á milli lóðar stefnanda, Framnesveg 29, og lóðar stefnda nr. 31 við Framnesveg, svo og til þess að greiða sér hæfilegan málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndur hefur af sinni hálfu aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda, en til vara þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda gegn skuldbindingu um að hækka ekki garðinn um meira en 40 cm frá því, sem hann nú er. Loks krefst hann þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins, hvernig sem málið fer.

Með umgetinni sátt frá 21. maí 1927 verður að telja, að stefndi hafi ekki aðeins tekið á sig skyldu til að láta gera hinn umrædda garð, heldur öðlazt rétt til að láta gera hann og til að hafa hann á lóð stefnanda. Með tilliti til þessa, og þar sem garðurinn er til hagsbóta einnig fyrir stefndan, verður að telja, að hann hafi sjálfstæðan rétt til að hækka garðinn á sitt eindæmi, innan þeirra takmarka, er sáttin og réttarsamband aðilja að öðru leyti kann að setja þeim rétti hans. Í sáttinni var það gert að skilyrði af hálfu þáverandi eiganda lóðar stefnanda, að garðurinn skyldi vera minnst 2½ alin á hæð fyrir ofan jörð. Aftur á móti er þar ekkert ákveðið um það,

hvað garðurinn megi vera hæstur. Samkvæmt mælingu byggingarfulltrúans er hæð mótaborða þeirra, er stefndur hefur sett á garðinn, að meðaltali 68,5 cm upp fyrir garðinn, og með tilliti til staðhátta verður eigi talið, að slík hækkun á garðinum valdi stefnanda svo miklum óþægindum, að stefndum af þeirri ástæðu sé óheimilt að framkvæma hana.

Af þessum ástæðum, og með því að stefndur verður eigi talinn hafa glatað rétti sínum til að hækka garðinn, þótt hann gerði hana í fyrstu ekki hærri en hann nú er, verður að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í máli þessu og dæma stefnanda til að greiða honum 200 kr. í málskostnað fyrir merkjadómi.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Steindór Einarsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Júlíusar Guðmundssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndum málskostnað í merkjadómi með 200 kr. innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Lárus Fjeldsted. Ólafur Lárusson.

Sigurður Thoroddsen yfirkennari hefur ekki getað fallizt á þessa dómsniðurstöðu meiri hluta dómenda, en óskað, að svofellt ágreiningsatkvæði hans sé fært í dómabókina.

Í umgetinni sætt frá 21. maí 1927 er tekið fram, að garðurinn skyldi fullgerður í síðasta lagi um áramótin 1927—1928 og vera minnst 2½ alin á hæð frá jörðu. Þessum skilyrðum báðum hefur, að því er virðist, verið fullnægt, hæð garðsins 1,67 m (2 álnir 16 þuml.) — 1,90 m (3 álnir 1 þuml.), sjálfsagt eftir samkomulagi milli aðilja. Þar með er það mál útljáð. Garðurinn byggður á tilsettum tíma og hæðin ákveðin. Eftir þann tíma hefur stefndi ekki leyfi til — allra sízt eftir 12—15 ár — að hækka garðinn, nema með samkomulagi við hina aðiljana, er að sættinni stóðu.

Af þessum ástæðum verður að taka kröfur stefnanda til greina, að stefndi taka steypumótin af steingarði þeim, sem er á milli lóðar stefnanda, Framnesvegur nr. 29, og lóðar stefnda, Framnesveg nr. 31, að viðlögðum 200 kr. dagsektum, og að stefndur greiði stefnanda 200 kr. í málskostnað fyrir merkjadómi.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Steindór Einarsson, skal, að viðlögðum 200 kr. dagsektum, taka burtu steypumótin af steingarði þeim, sem er á milli lóðar stefnanda nr. 29 við Framnesveg og lóðar stefnda nr. 31 við Framnesveg.

Stefndur greiði stefnanda í málskostnað fyrir merkjadómi kr. 200 innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Sig. Thoroddsen.